

LÖG**um heimild til að fresta greiðslum vegna
verðtryggðra íbúðalána.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingaþátta og vaxta verðtryggðra lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana, er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

LÖG**um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í
fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið hámark þess afla sem veiða má úr einstökum fiskstofnum og sjávardýrum á ákveðnu tímabili eða vertíð. Ráðherra getur ákveðið skiptingu þessa hámarksafla milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum skipa, stærð þeirra eða gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa. Við skiptingu afla milli skipa, sem fengið hafa sérstök leyfi til veiða á vissum tegundum sjávarafla, skal heimilt að miða við heildaraflaverðmæti fiskiskipa sem ekki hafa fengið slík leyfi.